

Reykjavík 12. desember 2012

Efnahags og skattanefnd Alþingis.

Athugasemdir Bílgreinasambandsins við þingskjal 602 – 468. mál.

Frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Bílgreinasambandið lýsir yfir þungum áhyggjum af framkomnum frumvarpi Ríkisstjórnarinnar um afnám afsláttar sem íslenskar bílaleigur njóta af vörugjöldum vegna bifreiðakaupa sinna. Bílaleigurnar eru afar mikilvægur kaupandi nýrra bíla á Íslandi og hafa þannig átt verulegan þátt í endurnýjun bílaflotans, sem hefur svo haft mikil áhrif á lækkun CO2 losunar íslenska bifreiðaflotans.

Fyrirséð er að kaupgeta bílaleiga mun dragast talsvert saman með ófyrirséðum afleiðingum fyrir bílainnflytjendur. Þá er ljóst að endurnýjun bifreiðaflota landsmanna dregst enn frekar á langinn og eldri bílar verða meira í umferð með þeim afleiðingum að hér verður mun meira af ótryggari og eyðslufrekari bifreiðum í umferð en ella. Bílaleigubílar skila sér útá almennan markað eftir upp. ár en þeir eru seldir með töluverður afföllum sem hefur gert almenningi auðveldara að endurnýja fjölskyldubílinn. Þess ber að geta að bílafloti Íslendinga er meðal þeirra elstu í Evrópu eða upp.12 ár meðan inna EU landanna er meðalaldur fólksbíla 8,3 ár.

Bílgreinin hefur mátt þola uppundir 90% samdrátt í sölu undanfarin ár en nýskráningar bíla fóru úr upp. 20.000 stk. niður í 3000 stk. árið 2009. Heldur hefur greinin náð að rétt úr kútnum á þessu ári og starfsmönnum verið fjölgað á ný, þó enn sé töluvert í land með að eðlilegum markaði sé náð. Á síðustu árum hefur hlutdeild bílaleigna verið milli 40 og 50% af heildarsölu nýrra bíla hér á landi en reikna má með að nýskráningar fólksbíla verði upp. 7700 stk. þegar líðandi ár verður gert upp. Verði að fyrirhuguðum breytingum á vörugjaldakerfi bílaleigubíla mun það gera allar áætlanir bílaumboðanna að engu og ljóst að þau þurfa að fara í gegnum enn eina endurskipulagninguna með tilheyrandi hagræðingu í starfsmannahaldi.

Bílgreinasambandið hvetur stjórnvöld eindregið til að endurskoða framkomnar hugmyndir þannig að áframhaldandi vexti bílgreinarinnar á Íslandi verði ekki ógnað landsmönnum öllum til hagsbóta.

Jafnframt mótmælir Bílgreinasambandið fyrirhuguðum hækkunum á bensíngjaldi, olíugjaldi og bifreiðagjöldum og bendir á að gríðarlegar hækkanir hafi átt sér stað á þessum liðum að undanfögnu sem komi illa niður á fjölskyldum í landinu í formi háskrekstrarkostnaðar ökutækja sem hafi svo áhrif til hækkunar á öðrum útgjöldum.

Virðingarfyllt.

Fh. stjórnar Bílgreinasambandsins.

Özur Lárusson framkvæmdastjóri.